

Minnisblað - Varðandi fyrirspurn frá bæjarstjórnarfundum þann 19. september 2018

1509727– Íþróttafélög þjónustusamningur

Fulltrúar Samfylkingar, Bæjarlistans og Viðreisnar gera athugasemd við það svar sem gefið er við framlagðri fyrirspurn sem segir að færslan hafi ekki áhrif á sjóðsstreymi. Fyrirspurnin varðaði rekstur A-hluta bæjarsjóðs enda hlýtur bakfært virði 80% hlutar Hafnarfjarðarbæjar að koma einhvers staðar fram í bókhaldi sveitarfélagsins. Sömu leiðis hlýtur það þá að hafa áhrif rekstrarniðurstöðu ársins. Því ítrekum við fyrirspurn okkar varðandi það hvaða áhrif sá bókhaldsgjörningur að fullnusta gjafagjöfning á hlut bæjarins í íþróttahúsi í Kaplakrika hafi á rekstur A hluta bæjarsjóðs.

Svar sem var lagt fram þann 5. september 2018

*Þegar eignaskiptasamningur á milli bæjarins og F.H. liggur fyrir er ljóst að að skoða þarf þær eignfærslur sem eru í bókum bæjarins sérstaklega þar með talið að taka tillit til bókfærðar stöðu íþróttahússins, sem er **um 92 milljónir króna**. Breytir þá engu hvort að sveitarfélagið byggi sjálft nýtt knattús eða kaupi eldri eignir. Gjaldfærsla tengd umræddu húsi væri sjálfstæð aðgerð, óháð rammisamkomulagi og **getur aldrei orðið hærri en 92 milljónir króna**.*

*Þegar eign er færð úr bókhaldi bæjarins **kallar það á gjaldfærslu en hefur ekki áhrif á sjóðsstreymi** þar sem færslan kallar ekki á útgjöld.*

Til frekari glöggvunar er svarið útfært í töfluformi á næstu síðu.

Til nánari útskýringar:

Gjörningurinn kallar á gjaldfærslu allt að 92 milljónir króna samanber fyrra svar og hefur því að sjálfsögðu neikvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu sem því nemur. Þetta þarf að gera þegar eignaskiptin liggja fyrir óháð því hvort rammasamkomulag við FH hefði verið gert eða ekki. Þetta er hins vegar einungis bókhaldsleg aðgerð þ.e. kallar ekki á útgjöld/sjóðstreymi þar sem ekki þarf að inna neinar greiðslur af hendi heldur er um afskrift á áður bókfærðu virði að ræða.

Hér fyrir neðan er tafla sem útskýrir áhrifin tölum á fjárhagsáætlun ársins– fyrir og eftir aðgerð:

Fjárhagsáætlun 2018 - áhrif

þús.kr.

	Fyrir afskrift	Eftir afskrift á bókf.virði
Rekstrarniðurstaða fyrir aðgerð	739.788	739.788
Gjaldfærð afskrift fasteignar (allt að 92 m.kr.)	0	-92.000
Rekstrarniðurstaða eftir aðgerð	739.788	647.788

Hér hefur hagnaðaur ársins lækkað um allt að 92 m.kr.

	Sjóðstreymi Fyrir afskrift	Sjóðstreymi Eftir afskrift
Niðurstaða ársins	739.788	647.788
Afskriftir	943.670	1.035.670
Br.skuldbindinga	-6.880	-6.880
Verðbætur og gengismunur	754.712	754.712
Breyting lífeyrisskuldbindinga	1.048.666	1.048.666
Veltufé frá rekstri	3.479.955	3.479.955

Þar sem afskrift/niðurfærsla á bókhaldslegu virði kallar ekki á útgjöld er sjóðstreymi óbreytt

Hafnarfirði, 25. september 2018

Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs